

## FUNDARGERÐ

Árið 2019, fimmtudaginn 5. september kl. 11:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í Sölvhólsvör á 1. hæð í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Sölvhólsgötu 7 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Karen E. Halldórsdóttir, Margrét Þórarinsdóttir og Stefán Vagn Stefánsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni og Gústav Aron Gústavssyni sem ritaði fundargerð.

Nefndarmaðurinn Friðbjörg Matthíasdóttir var á símafundi.

Gestir fundarins undir lið 2 voru Arnór Benónýsson oddviti og Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri frá Þingeyjarsveit, Helgi Héðinsson oddviti og Þorsteinn Gunnarsson sveitarstjóri frá Skútustaðahreppi og Jón Hrói Finnsson frá RR ráðgjöf.

Að auki sátu fundinn Hermann Sæmundsson skrifstofustjóri undir lið 2 og 6, og Eiríkur Benónýsson sérfræðingur hjá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu undir lið 3.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

### 1. Fundargerðir frá 27. júní, 29. júlí, 8. ágúst og 30. ágúst 2019

Lagðar voru fram fundargerðir frá 27. júní, 29. júlí, 8. ágúst og 30. ágúst 2019 til umfjöllunar og afgreiðslu.

*Fundargerðir frá 27. júní, 29. júlí, 8. ágúst og 30. ágúst 2019 voru samþykktar án athugasemda og undirritaðar.*

### 2. Sameiningar sveitarfélaga

#### Stöðuskýrslur - greiðslur framlaga 2019

##### Sameining Fjarðabyggðar og Breiðdalshrepps

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 4. september 2019, um framlög vegna sameiningar Fjarðabyggðar og Breiðdalshrepps, ásamt yfirliti frá Fjarðabyggð um áætlaðan kostnað vegna sameiningar.

Í minnisblaðinu kemur fram áætlun um greiðsluflæði til sameinaðs sveitarfélags Fjarðabyggðar og Breiðdalshrepps fyrir árin 2018-2022. Framlag vegna skuldajöfnunar nemur 457 m.kr. og framlag vegna þróunar stjórnsýslu nemur 157 m.kr. Samtals er framlag vegna sameiningarinnar 614 m.kr. Greiðsla á árinu 2019 nemur 182.176.000 kr.

##### Sameining Sveitarfélagsins Garðs og Sandgerðisbæjar

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 4. september 2019, um framlög vegna sameiningar Sandgerðisbæjar og Sveitarfélagsins Garðs, ásamt bréfi og yfirliti frá Suðurnesjabæ, dags. 26. ágúst 2019, um áætlaðan kostnað vegna sameiningar.

Í minnisblaðinu kemur fram áætlun um greiðsluflæði til sameinaðs sveitarfélags Suðurnesjabæjar fyrir árin 2018-2022. Framlag vegna skuldajöfnunar nemur 300 m.kr. og framlag vegna þróunar stjórnsýslu nemur 100 m.kr. Samtals er framlag vegna sameiningarinnar 400 m.kr. Greiðsla á árinu 2019 nemur 102.550.000 kr.

**Umsókn um framlög vegna kostnaðar við undirbúning sameiningar  
Þingeyjarsveit og Skútustaðahrepps**

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 4. september 2019, ásamt bréfi frá samstarfsnefnd um sameiningu Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps, dags. 22. ágúst 2019, og að auki ítarefni með umsókn vegna sameiningar, dags. 29. ágúst 2019. Jafnframt mættu fulltrúar frá Þingeyjarsveit og Skútustaðahreppi til að fylgja eftir umsókn samstarfsnefndar og svara spurningum nefndarmanna.

Í bréfi samstarfsnefndar kemur fram að óskað er eftir framlagi vegna kostnaðar við undirbúning tillögu að sameiningu sveitarfélaga. Áætlað er að atkvæðisgreiðsla um sameiningu sveitarfélaga fari fram í lok mars 2021. Verkefnistíminn er því 19 mánuðir sem hefur áhrif á kostnað við verkefnisstjórn. Sótt er um framlag að fjárhæð 29 m.kr. vegna undirbúnings og framkvæmd á kosningu.

Jafnframt óska sveitarfélögin eftir framlagi á grundvelli 12. gr. reglugerðar nr. 1088/2018 vegna verkefnisins „Nýsköpun í Norðri“, sem hefur það markmið að nýtt sveitarfélag verði í fararbroddi í baráttu við loftslagsbreytingar. Tekið verður mið af tæknibreytingum og tækifærum tengdum þeim og byggðir upp og samnýttir innviðir sem treysta samkeppnishæfni svæðisins til lengri tíma. Sótt er um framlag að fjárhæð 37,4 m.kr.

*Nefndin samþykkti að veita framlag vegna kostnaðar við undirbúning að sameiningu sveitarfélaganna að fjárhæð 29 m.kr. Varðandi framlag til verkefnisins „Nýsköpun í Norðri“ ákvað nefndin að skoða málið enn frekar og fresta afgreiðslu málsins til næsta fundar sem verður 2. október nk.*

**Drög að nýjum reglum o.fl.**

Farið var stuttlega yfir sameiningarframlög og útreikninga þeirra samkvæmt drögum að nýjum reglum sem eru núna í samráðsgáttinni. Starfsmaður Jöfnunarsjóðs fór nánar yfir útreikning sameiningarframlaga og forsendur. Nefndin ræddi sérstaklega hugsanlegar breytingar á útreikningi á svokölluðu byggðaframlagi og var farið yfir hver áhrifin gætu orðið.

**3. Fjárhagsstaða sveitarfélaga - Ársreikningar sveitarfélaga 2018**

Eiríkur Benónýsson sérfræðingur hjá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu og starfsmaður Eftirlitsnefndar um fjármál sveitarfélaga ræddi við nefndina um fjárhagsstöðu sveitarfélaga út frá ársreikningum 2018. Fram kom í máli Eiríks að heilt yfir sé fjárhagsstaða sveitarfélaganna góð. Öll sveitarfélög eru fyrir neðan 150% skuldaviðmiðið og afkoman hafi farið batnandi síðastliðin ár. Þá hafi hreint veltufé frá rekstri aukist síðustu ár sem er mjög jákvætt. Fram kom þó að líklegast mun hægjast á vexti tekna en hann hefur verið um 6% á síðastliðnum árum.

#### 4. Dómur Hæstaréttar – staða mála

Farið var yfir stöðu mála varðandi þær greiðslur sem inntar hafa verið af hendi vegna dómsins. Var ríkinu gert að greiða Grímsnes- og Grafningshreppi þá fjárhæð sem sveitarfélagið hefði fengið á árunum 2013-2016 ef ekki hefði komið til ákvörðunar ráðherra um niðurfellingu greiðslna á grundvelli reglugerðarákvæðisins. Í kjölfarið gerði íslenska ríkið samkomulag við fjögur sveitarfélög, sem einnig höfðu stefnt íslenska ríkinu af sömu ástæðu, um greiðslu á framlögum vegna ára 2013-2016. Nam greiðsla ríkisins vegna þessa 935.282.407 kr. þar af voru vextir og dráttarvextir 251.957.585 kr. Í ljósi niðurstöðu Hæstaréttar ákvað samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að afturkalla stjórnvaldsákvæðanir sínar um skerðingu á framlögum til sveitarfélaganna fimm á árunum 2017-2018 til að koma á lögmætu réttarástandi. Kom greiðslan úr Jöfnunarsjóði og nam hún 462.808.358 kr. þar af voru vextir 27.390.362 kr. Fram kom að ekki hafi verið tekin ákvörðun um hvernig uppgjör á milli íslenska ríkisins og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði háttáð.

#### Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Lagt var fram til kynningar erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 3. september sl., þar sem vísað er í minnisblað frá lögfræðingi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins vegna dóms Hæstaréttar frá 14. maí í máli nr. 34/2018 en í minnisblaðinu er m.a. óskað eftir viðbrögðum Sambandsins.

Fram kemur að stjórn Sambandsins leggi áherslu á að niðurstaða Hæstaréttar sé byggð á því að mistök hafi orðið við breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og setningu reglugerðar á grundvelli lagabreytingarinnar. Ábyrgð á þeim mistökum hljóti að liggja hjá íslenska ríkinu og því hljóti að koma til viðræðna milli ríkis og sveitarfélaga um viðbótarfjárheimildir til Jöfnunarsjóðs til að mæta áföllnum dómskröfum.

### YFIRFÆRSLA MÁLEFNA FATLAÐS FÓLKIS

#### 5. Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

##### Klettaskóli

Lagt var fram minnisblað frá borgarlögmanni, dags. 19. júlí 2019, varðandi framlag úr Fasteignasjóði til Reykjavíkurborgar vegna Klettaskóla, ásamt minnisblaði frá lögfræðingi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 4. september 2019.

Fjallað hefur verið á nokkrum fundum ráðgjafarnefndar um erindi frá Reykjavíkurborg varðandi framlag úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs vegna uppbyggingar á Klettaskóla sem felur í sér byggingu sundlaugar, íþróttahús, frístunda og félagsþjónustu og endurskipulagningar á öllu skólahúsnæðinu. Álitamál hefur verið um hvort að kostnaður við kennslustofur eigi að falla undir kostnaðarþátttöku Fasteignasjóðs. Í minnisblaði frá borgarlögmanni er sjónarmiðum Reykjavíkurborgar komið á framfæri og í minnisblaði lögfræðings samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins er jafnframt lagt mat á umrædd álitaefni.

*Ákveðið var að fresta afgreiðslu umsóknar Reykjavíkurborgar svo að nefndin gæti skoðað málið enn frekar. Ákveðið var að málið verði tekið til umfjöllunar og afgreiðslu á fundi nefndarinnar 23. október nk.*

### **Garðabær**

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Garðabæjar um framlag úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs vegna byggingar á búsetukjarna fyrir fatlað fólk við Unnargrund. Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 4. september 2019, ásamt umsókn Garðabæjar, dags. 17. október 2018, og bréf frá úthlutunarnefnd Íbúðalánasjóðs, dags. 19. mars 2018, varðandi samþykki á stofnframlagi frá Íbúðalánasjóði.

Fram kemur í umsókn Garðabæjar að um sé að ræða búsetukjarna með sex íbúðum fyrir fatlað fólk ásamt starfsmannarými. Íbúðarrými telst vera 336 m<sup>2</sup>, flatarmál sameignar 170 m<sup>2</sup> og er heildarstærð hússins 506 m<sup>2</sup>. Gert er ráð fyrir að húsið verði tekið í notkun um mitt ár 2019. Samþykkt stofnframlag til sveitarfélagsins er 33,5 m.kr. og er hlutur Jöfnunarsjóðs af þeirri fjárhæð 9,9 m.kr.

*Nefndin samþykkti að lokinni umræðu að veita framlag á grundvelli a. liðar 2. gr. reglugerðar 460/2018 til Garðabæjar að fjárhæð 9.929.345 kr.*

### **Embla sjálfseignarstofnun**

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Emblu sjálfseignarstofnun, dags. 20. ágúst 2019, þar sem sótt er um framlag úr Fasteignasjóði, ásamt minnisblaði starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 4. september 2019.

Áformað er að byggja íbúðakjarna fyrir ungt fólk sem á við fjölþættan vanda að stríða og á af ýmsum ástæðum erfitt með að fóta sig í samfélaginu. Þrjú sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafa gert samning við Emblu vegna byggingar íbúðakjarna og gerðir hafa verið formlegir samningar um dvöl tiltekins fjölda einstaklinga. Hafnarfjarðarbær hefur skuldbundið sig til að greiða staðfestingargjald fyrir tvo einstaklinga, sama á við um Mosfellsbæ og Reykjavíkurborg fyrir þrjá einstaklinga. Áætlaður kostnaður án hönnunar/eftirlits og óvissra útgjalda er 348 m.kr. Miðað við 25% kostnaðarþátttöku næmi framlag úr Fasteignasjóði 87 m.kr. Fram kom að starfsmenn Emblu hafi leitað til Íbúðalánasjóðs varðandi kostnaðarþátttöku og hafi starfsmenn sjóðsins sagt að sjóðurinn gæti ekki komið að verkefninu með Emblu.

*Nefndin telur að um mjög brýnt mál sé að ræða og mikil þörf fyrir búsetuúrræði sem þetta. Ákvað nefndin að mikilvægt væri að skoða þetta mál nánar og nauðsynlegt væri að kanna betur hvort möguleiki væri á að Íbúðalánasjóður komi að verkefninu.*

## **6. Málefni Sólheima og Skálatúns – staða mála**

Hermann Sæmundsson skrifstofustjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu skýrði nefndinni frá stöðu mála varðandi Sólheima, Skálatún og vistheimilið Bjarg.

Fyrir liggur samningur milli Bergrisans og Sólheima sem verður undirritaður á næstunni og mun hann tryggja áframhaldandi rekstur Sólheima. Fram kom á fundi ráðgjafarnefndar 27. júní 2019 að félagsmálaráðuneytið mun veita sérstakt framlag til Sólheima að fjárhæð 30 m.kr.

Vegna rekstrarerfiðleika hjá Skálatúni í Mosfellsbæ er nauðsynlegt að gera greiningu á tekju- og gjaldahlið í rekstri Skálatúns til að hægt sé að tryggja sjálfbæran rekstur. Jafnframt þarf að skoða húsnæðismál Skálatúns til að tryggja að húsnæðið uppfylli allar kröfur.

Borist hefur erindi frá félagsmálaráðuneytinu varðandi vistheimilið Bjarg á Seltjarnarnesi. Tillaga félagsmálaráðuneytisins er að óháður ráðgjafi geri úttekt á stöðu mála, greini valkosti og leggi fram tillögur að lausn málsins. Óskað er eftir framlagi frá Jöfnunarsjóði að fjárhæð 8 m.kr. vegna þessa.

*Nefndin samþykkti tillögu félagsmálaráðuneytisins að veita framlag að fjárhæð 8 m.kr. vegna kostnaðar við óháða úttekt.*

#### **7. Viðbótarframlög 2019**

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 4. september 2019, um viðbótarframlag vegna þjónustu við fatlað fólk 2019.

Samkvæmt greiðslu- og rekstraráætlun sjóðsins er gert ráð fyrir viðbótarframlögum að fjárhæð 400 m.kr. Ræða þarf hvort sjóðurinn úthluti viðbótarframlagi á árinu 2019 og hvort taka eigi mið af rekstrarniðurstöðu ársins 2018 við úthlutun framlagsins líkt og gert hefur verið síðustu ár.

*Nefndin samþykkti að óska eftir rekstrarniðurstöðum þjónustusvæðanna fyrir árið 2018 sem mun liggja til grundvallar við úthlutun viðbótarframlaga á árinu 2019.*

#### **8. Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga**

Rætt var um ársfund Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem haldinn verður 2. október nk. á Hilton Reykjavík Nordica hótél og drög að dagskrá.

#### **9. Önnur mál**

Ákveðið var að næsti fundur verði haldinn 2. október kl. 10:00 og þarnæsti fundur verði haldinn 23. október kl. 10:00.

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið kl. 15:00.

---

Guðný Sverrisdóttir

---

Ásta Stefánsdóttir

---

Birgir Björn Sigurjónsson

---

Friðbjörg Matthíasdóttir

---

Karen E. Halldórsdóttir

---

Margrét Þórarinsdóttir

---

Stefán Vagn Stefánsson